

Með því hinn stefndi, eins og áður sagt, hefir kannast við, að skuldakrafa áfrýjanda á hendur honum sé rétt, verður að skylda hann til að greiða áfrýjanda 109 kr. 14 a. eins og hann líka eftir málavöxtum á að borga honum málskostnað í héraði með 25 krónum. En vextir af nefndri upphæð verða honum ekki dæmdir, þar sem þeirra ekki er getið í sáttakærinni, né þeirra krafist í héraðsdómsstefnunni.

Ummæli áfrýjanda um hlutaðeigandi sáttanefndarmenn virðast ekki þess eðlis, að næg ástæða sé til að dæma þau dauð og marklaus.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn stefndi, Loftur Guðmundsson, á að greiða áfrýjanda, E. Laxdal, 109 kr. 14 a., og málskostnað fyrir undirdómi með 25 krónum. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 53/1880,

M. Johannessen  
gegn

Jóni Erlendssyni.

D ó m u r:

Með stefnu, dagsettri 9. októbermán. 1880, hefir verzlunarstjóri M. Johannessen áfrýjað til yfirdómsins dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 15. apríl-mán. næstan fyrir, en með þessum dómi er hinn stefndi, Jón bóndi Erlendsson á Grímsstöðum, dæmdur sýkn af kærnum og kröfum hans í málinu, og hann dæmdur til að greiða hinum stefnda 20 krónur í málskostnað.

Áfryjandi telur til skuldar hjá hinum stefnda, að upp hæð 122 kr., og hefir krafist fyrir yfirdóminum fyrst og fremst, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða sér 122 kr. með 5% vöxtum frá 19. desbr. 1879 þangað til borgað verður, og allan af máli þessu í héraði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, en til vara, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða sér 100 kr. með 5% vöxtum frá 19. desbr. 1879 þangað til borgað verður, og allan málskostnað eins og áður er sagt.

Á hinn bóginn hefir hinn stefndi krafist, að hinn áfryjaði dómur verði staðfestur og að áfryjandi verði dæmdur til að greiða sjer hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Að því snertir 22 krónur af skuldakröfu áfryjanda, þá hefir hann borið fram, að hinn stefndi eigi að lúka þeim verzlun þeirri, er hann veitir forstöðu, fyrir 6 kaðla, er hann hafi tekið út á árinu 1871. Hinn stefndi hefir að vísu ekki viljað kannast við þessa skuld, en virðist þó ekki, þrátt fyrir áskorun áfryjanda, skorinort að hafa neit- að því, að hann hafi tekið þessa kaðla út, en hann hefir á hinn bóginn haldið því fast fram, að spursmálið um skuldakröfu þessa sé útkljáð með bæjarþingsdómi Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 18. desembermán. 1879, og með því ekki verður séð, að áfryjandi hafi mótmælt þessu, enda bendir alt til, að svo sé í raun réttir, þá ber að vísa málinu, að því þessa upphæð snertir, frá undirdóminum.

Að því næst snertir hinn hluta kröfunnar, 100 kr., þá stendur þannig á þeim, að áfryjandi hefir skrifað þær inn í verzlunarreikning hins stefnda frá nafngreindum bónda; hefir áfryjandi haldið því fram, að með því hinn stefndi hafi lögsótt bónda þenna, og fengið dóm yfir honum til þess að greiða (meðal annars) þessar 100 kr., þá

beri sér nú þessi upphæð hjá hinum stefnda. En eins og hinn stefndi hefir neitað þessu, eins er það viðurkent í málinu, að hinn stefndi aldrei hafi viljað taka við þessari innskrift, eða, að hún hafi farið fram að honum fornspurðum, og virðist af þessu að leiða, ekki það, að áfrýjandi nú geti heimtað, að stefndi greiði sér þessar 100 krónur, sem hann í raun réttri aldrei hefir tekið við, heldur hitt, að áfrýjandi geti flutt þær aftur inn í viðskiftareikning þess bónda, er þær voru skrifaðar út frá, og verður ekki í þessu máli, eins og það er kært fyrir sáttanefnd og höfðað af hendi áfrýjanda, neitt tillit tekið til, þótt af þessu kynni að leiða, að áfrýjandi teldi enn til verzlunarskuldur hjá hinum stefnda. Yfirdómurinn verður því að álíta rétt, að hinn stefndi er dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjanda að því oft nefndar 100 krónur snertir, eins og hann líka felst á ákvörðun hér- aðsdómsins með tilliti til málskostnaðar.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda einnig að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem virðist hæfilega metinn 20 krónur.

Ekki virðist yfirdóminum eftir atvikum takandi til greina sú krafa áfrýjanda eða málaflutningsmanns hans, að hinn stefndi verði sektaður fyrir meiðyrði í vörn sinni, sem sé þau, að áfrýjandinn fari ekki með nema »tómar flækjur og ranghverfingar«, eða, að orð þessi verði dæmd dauð og marklaus.

Því dæmist rétt vera:

Að því snertir þær 22 krónur, sem áfrýjandi hefir krafist, vísast málinu frá undirdómnum. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi hinum stefnda 20 krónur.

Hið ídæmda ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 56/1880

Þorkell Jónsson  
gegn  
Eggert Waage

### Ú r s k u r ð u r :

Mál þetta er höfðað í héraði af Eggert Waage, eiganda og umráðamanni jarðarinnar Stórahrauns í Stokks-eyrarhreppi í Árnassýslu, gegn Þorkeli Jónssyni eiganda að  $\frac{7}{8}$  í hjáleigunni Gamlahrauni í sama hreppi, til skaðabóta fyrir tvö tré, sem rekið höfðu fyrir Gamlahraunslandi, og Þorkell hafði til sín tekið, en sem Eggert Waage þykist eiga tilkall til sem eigandi reka fyrir landi Stórahraunseignarinnar, og var það mál dæmt fyrir gestarétti Árnassýslu 22. okt. f. á. Áfrýjandinn Þorkell Jónsson hefir nú krafist þess, að nefndur gestaréttardómur verði ex officio dæmdur ómerkur, af því að undirdómarinn ekki hafi samkvæmt N. L. 1—7—1 dæmt málið með meðdómsmönnum, þar sem úrslit málsins séu þó undir því komin, hver sé eigandi rekaréttarins fyrir Gamlahraunslandi, en rekarétturinn hafi sem ein hin verulegustu hlunnindi jarða í sér fólgin hin yfirgripsmestu eignarréttindi.

Eins og að framan er á vikið, er mál þetta höfðað sem skaðabótamál, en ekki sem landaþrætumál, og þó úrslit málsins kunni að vera komin undir því, hver sé eigandi reka fyrir Gamlahraunslandi, þá getur það atriði eigi gjört að verkum, að dæma eigi málið sem landaþrætumál, því síður sem fullnaðardóms alls eigi er óskað um nefnt atriði. Undirdómarinn hafði þannig enga ástæðu til að dæma málið með meðdómsmönnum, og verður því krafa